

**Sp.**

**219. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Á Þingskjali nr. 204 ber fjárveitinganefnd sameiginlega fram tillögur til hækkunar um 650 milljónir frá frumvarpi til fjárlaga, eins og það liggur nú fyrir. Þrátt fyrir þessa hækkun af hálfu nefndarinnar eru óvenjumörg erindi enn óafgreidd, sem undirritaður telur, að sterk rök mæli með að fái jákvæða afgreiðslu. Auk þessa má svo gera ráð fyrir, að tillögur til hækkunar útgjalda komi fram frá einstökum þingmönnum samkvæmt venju. Með samþykkt á þessum tillögum, er fjárveitinganefnd leggur fram, verður útgjaldahlið fjárlaga rúmlega 28 milljarðar nú, en var á fjárlögum yfirstandandi árs 21.4 milljarðar. Fyrirsjáanleg hækkun er því um 31% frá fjárlögum fyrir árið 1973. Þessi hækkun í krónutölu mun þó ekki gera meir en svo að halda í við verðbólguvöxtinn, svo gífurleg óðaverðbólga ríkir nú hér á landi. Framkvæmdagetan verður því hvergi nærri eins mikil og talnahækkun fjárlaga milli árána bendir til.

Mánudaginn 18. október 1971 flutti forsætisráðherra hæstv. ríkisstjórnar fyrstu stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar hér á Alþingi og boðaði gerbreytta stefnu í þjóðfélags- og efnahagsmálum. Nú átti að taka á vandanum með festu og nýjum úrræðum, og ekki skyldi beitt gamalkunnum ráðum frá viðreisnartímabilinu. Öllum er nú mætavel ljóst, hvernig til hefur tekist í þessum efnum. Almennigur er samdóma um það, að frá stríðsárum hefur önnur eins óðaverðbólga ekki ríkt hér á landi, og það sem verra er, að ekki eru þess nein merki, að lát sé á henni á næstunni. Augljóst er, að innan sjálfrar ríkisstjórnarinnar er ekki samstaða um átak til þess að draga af krafti úr verðpenslunni. Undanfarna mánuði hefur þess gætt í sívaxandi mæli, að almenningur telur sér best borgið með eins mikilli eyðslu og kostur er að koma í lög. Allir keppast við að fjárfesta, og ríkir nú meiri spennan á

vinnumarkaðnum en verið hefur um fjölda ára. Þessi spenna, sem forsætisráðherra hefur þó oft varað við, kyndir rösklega undir verðbólguhálinu, og efnahagsvandinn er sem eins konar vítahringur. En ríkisstjórnin ræður ekki við að stjórna. Því var heitið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, að hún skyldi leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Þetta fyrirheit hefur gersamlega mistekist að standa við.

Til þess að reyna að leysa úr efnahagsvanda, sem atvinnulífið var komið í undir áramótin s. l., felldi ríkisstjórnin gengi íslensku krónunnar um 10.7% hinn 17. des. 1972. Þessi gengisfelling var hin mestu mistök, og áhrif frá henni ýttu undir enn meiri spákaupmennsku vegna mikils óróleika á erlendum gengismarkaði og vegna þess, hversu staða dollarans var lengi fram eftir árinu ótrygg.

Til þess að vega á móti óhagstæðum áhrifum frá gengisfellingunni hækkaði svo ríkisstjórnin gengið á íslensku krónunni gagnvart dollar í vor. Sú ráðstöfun kom afar illa við marga og einkum þó mjög misjafnt niður á einstaka framleiðendur, svo að nam jafnvel mörgum milljónum, eftir því, hvernig stóð á skilum fyrir seldar afurðir.

Nú á síðustu vikum hefur staða dollarans farið batnandi gagnvart Evrópugjaldeyri, og hefur íslenska krónan fylgt honum. Þessi hreyfing hefur sem betur fer dregið mikið úr erlendum verðhækkunum hér innanlands. Á hinn bóginn kemur þetta sér illa fyrir iðnaðinn, þar sem sú atvinnugrein hafði gert sölusamninga til langs tíma, og þá var gengi krónunnar gagnvart dollar 96 krónur í dollar. Þessar gengishreyfingar hafa því bitnað illa á iðnaðinum, og eru sumar greinar hans í verulegum þrengingum um þessar mundir, einkum þær, er flytja út.

Staða sjávarútvegsins er hins vegar miklum mun betri en verið hefur undanfarin ár. Verðlag hefur reynst 10—15% hærra en reiknað var með að yrði á árinu. Afkoma þessa árs er því hagstæð. Innstæða í verðjöfnunarsjóði hjá sjávarútveginum mun nú nema nálægt 2 milljörðum. Sú furðulega hugmynd hefur skotið upp kollinum innan ríkisstjórnarinnar, að nú væri unnt að „hírða“ verðjöfnunarsjóðinn og afhenda hann til annarra greina atvinnulífsins, sem væru í vanda staddir. Þetta má aldrei verða. Sjóðurinn er eingöngu myndaður af fjármagni, sem atvinnugreinar sjávarútvegsins hafa lagt til hliðar til þess að mæta verðbreytingum á afurðum sínum, og er hrein eign þeirra, er við framleiðslu sjávarafurða starfa. Öðrum greinum atvinnulífsins er auðvitað innan handar að leggja nokkra kvöð á sjálfa sig til þess að mæta verðsveiflum innan sinna vébanda og draga þannig úr óhagstæðum áhrifum verðbreytinganna á reksturinn.

Þótt afkoma sjávarútvegsins hafi verið óvenjugóð á þessu ári, eru miklar blikur nú framundan vegna geysilegra hækkana á olíum og veiðarfærum. Þessar hækkanir hafa verið metnar allt að 2000 millj. á ársgrundvelli. Sum veiðarfæri hafa hækkað frá því í vor s. l. um 60—70%, og auk þess er kominn til mjög alvarlegur skortur á öllum veiðarfærum úr næloni, eða netum og nótum. Þetta getur haft mjög alvarlegar afleiðingar á árinu 1975, en þá mun fyrst alvarlega koma í ljós skortur á þessum veiðarfærum. Í dag hafa nokkur lönd sem næst lokað fyrir útflutning til Íslands á netum og nótarefni úr nælonþræði. Einstaka aðilar geta enn fengið pantanir afgreiddar, en þá aðeins með því að staðgreiða þær og á mjög hækkuðu verði. Alkunnur rekstrarfjárskortur hér á landi hjá útveginum kemur í veg fyrir, að menn geti hagnýtt sér þessa fáu möguleika til veiðarfærakaupa.

Það hefur komið fram í umræðum á Alþingi, að afkoma togaraflotans mun vera erfið og bein útgjöld umfram tekjur á ársgrundvelli eru um 3—6 milljónir á skip. Talið er, að aflaverðmæti hinna minni skuttogara sé frá 50—65 milljónir. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, ríkti það kerfi við verðlagningu, að fiskkaupandi varð að greiða aukalega til útgerðarinnar 11%, en þetta var fljótt afnumið, og nú lítur út fyrir, að miklir rekstrarörugleikar séu að þrengja strax að hinum nýju skuttogurum. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst. Ekki kemur til greina, að þessi skip verði bundin glæný við bryggju vegna þess, að enginn möguleiki sé að standa í skilum með gjöld þeirra. Eins og áður er sagt, er verðlag afurða

óvenjuhátt og því ekki að vænta þess, að það geti hækkað, svo að það lagi vandann. Hann er heimatilbúinn og verður að leysast á innlendum vettvangi.

Frá hendi launþegahópa liggja nú fyrir kröfur um mikla hækkun launa. Ekki er tekið tillit til þeirra í gerð fjárlagafrumvarpsins. Eins og útlit er nú, má því vænta þess, að fjárlagafrumvarpið verði afgreitt, án þess að nokkuð sé vitað, hvað hækkun launa vegur á útgjaldahlið fjárlaga. Það er ljóst, að mikil hækkun hefur átt sér stað á öllum þáttum yfirstandandi fjárlaga. Alls mun vera talið, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði fast að 2000 milljónum hærrí en fjárlög gera ráð fyrir. Einnig munu útgjöld hækka verulega. Þrátt fyrir það er augljóst, að afkoma ríkissjóðs á yfirstandandi ári verður óvenjugóð. Aukning á útflutningi er talin nema um 50%. Aukning á innflutningi er talin nema um 50—55%. Grundvöllur tollstofns var metinn við fjárlagagerðina með 27% aukningu, en verður, að því er best verður séð í dag, allt að 37% hærrí. Þetta gefur ríkissjóði hinar auknu tekjur. Þegar svona árar og eins þegar geysileg spennan ríkir á öllum sviðum, væri full ástæða og þörf fyrir að leggja myndarlega til hliðar hjá ríkissjóði til hinna mögru ára. En því miður fer ekki mikið fyrir því. Það er gleðilegt að sjá miklar framkvæmdir um allt land. En það flokkast undir stjórnleysi að ráða ekki við framkvæmdahraðann og stuðla að of mikilli spennu, er kyndir látlaust undir ríkjandi óðaverðbólgu. Hvar er nú hinn gildi þáttur Framkvæmdastofnunar ríkisins í skipulögðum vinnubrögðum?

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1974 var samið, var miðað við kaupgjald eins og það var í september s. l. Nú mun vera í undirbúningi að endurmeta þennan grundvöll og miða þá við kaupgjald eins og það er nú í desember. Til samræmingar verður einnig að meta tekjuhlið frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir, að 2 stig í sölu-skatti verði innheimt í viðbót eða hann hækkaður úr 11% í 13%. Í athugasemdum við frv., á bls. 146, segir svo, að endurskoðun álögum um tekjuöflun ríkisins sé nú það vel á veg komin, að gert sé ráð fyrir, að ný lög verði sett á þessu þingi. Nú hefur það hins vegar skeð, að ríkisstjórnin hefur misst einn stuðningsmann sinn og hefur ekki lengur meiri hluta í neðri deild. Hún getur því ekki komið fram breytingum, sem hún metur nauðsynlegar til tekjuöflunar. Þessi staðreynd eykur enn á óvissuna í efnahagsmálunum.

Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt fram tillögur um úrbætur í skattamálum. Þær eru þó verulega misjafnar. Við í Alþýðuflokknum leggjum til, að hlutfall beinna skatta verði mjög minnkað í tekjuöflun ríkissjóðs og hver einstaklingur verði sjálfstæður skattþegn. En til þess að mæta augljósu tekjutapi fyrir ríkissjóð með slíkri breytingu er lagt til, að söluskattur verði hækkaður og sérstakur sjóður myndaður til aðstoðar láglaunafólki. Sjálfstæðismenn leggjja til mikla minnkun á beinum sköttum, og reikna má með, að tekjutap ríkissjóðs nemi um eða yfir 4 milljörðum króna við það. Hins vegar eru ekki settar fram neinar tillögur um niðurskurð samtímis, og verður því fróðlegt að sjá nú við afgreiðslu fjárlaga, hvaða tillögur þeir koma með. Frumvarp um slíkan niðurskurð er óraunhæft, ef ekki fylgja tillögur til lækkunar útgjalda samtímis eða þá visbending um tekjuöflun á móti skattbreytingunni.

Enginn vafi er á því, að allur almenningur er nú svo mikið skattlagður, að ekki verður lengra gengið í þeim efnum. Þess vegna verður að fara með meiri gát í innheimtu skatta á komandi árum en verið hefur. Með breytingu yfir í hærra hlutfall í óbeinum sköttum er það í frjálsum vali, hvað hver vill eyða umfram venjulegar nauðsynjar. Verðbólgan hefur pint menn út í mikla fjárfestingu undanfarin þrjú ár. Byggingarvísitalan var 1. mars 1970 439 stig, en 1. þ. m. var hún 913 stig. Á þessum þremur árum og átta mánuðum hefur byggingarvísitalan því hækkað um 474 stig eða um 108%, þar af um 272 stig síðan í árslok 1971 eða um 50%. Þessi þróun er svo geigvænleg, að til róttækra aðgerða verður að gripa til þess að hamla hér vel á móti.

Við afgreiðslu fjárlaga nú sem í fyrra munum við fulltrúar Alþýðuflokksins ekki koma með tillögur til lækkunar fjárlaga. Verðpenslan er slík, að miklu

fremur er nauðsyn að gera átak til niðurskurðar. En um það er ekki samstaða á Alþingi.

Alþingi, 11. des. 1973.

Jón Árm. Héðinsson.